



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.

Vinnsla: Inga Sveinsdóttir

Ábyrgðarmaður: Sigbrúður Erla Arnardóttir

Dags. 8. febrúar 2017

GoPro nr. VEL2016110026

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
b/t Bjarna Þóroddssonar

Tilvísun R11060051

Minnisblað

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um mat á árangri samnings um þjónustu við hælisleitendur

Forsaga:

Á fundi borgarráðs þann 17. nóvember sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

Framsókn og flugvallarvinir óska eftir því að lagt verði fyrir borgarráð skriflegt mat á árangri samnings Útlendingastofnunar og Reykjavíkurborgar um þjónustu við hælisleitendur sem getið er um í 11. gr. samningsins sem samþykktur var 11. september 2015, en slíkt virðist vera hluti af þeirri ákvörðun hvort samið verði um framhald þjónustunnar, sem nú hefur verið gert.

Greinargerð/umsögn:



Samningur Reykjavíkurborgar og Útlendingastofnunar um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd (hér eftir nefndir *umsækjendur*) tók gildi í janúar 2014 og var Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða (nú Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða) falið verkefnið. Reykjavíkurborg tók að sér að veita allt að 50 umsækjendum þjónustu og búsetuúrræði í senn.

Vorið 2014 var samið um að fjöldi umsækjenda í þjónustu hjá Reykjavíkurborg færi upp í 70 manns. Sumarið 2015 fór sú tala upp í 90 og varð sú breyting á að gert var ráð fyrir að Reykjavíkurborg tæki bæði við einstaklingum og a.m.k. 5 fjölskyldum.


Nýr samningur upp á þjónustu og búsetuúrræði fyrir 200 manns var samþykktur í Borgarráði 19. janúar sl.

Reykjavíkurborg hefur á árunum 2014, 2015 og 2016 tekið á móti 369 umsækjendum frá 51 landi. Árið 2014 fengu 132 umsækjendur þjónustu hjá Reykjavíkurborg, árið 2015 voru þeir 171 og árið 2016 voru 231 umsækjendur.


Fjöldi hælisleitenda í þjónustu hjá Reykjavíkurborg



Fjölmennustu þjóðernin



Þjónustan sem Reykjavíkurborg hefur verið að veita umsækjendum um alþjóðlega vernd felur í sér að sjá til þess að umsækjendur fái framfærslu, hafi aðgang að almenningssamgöngum, nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu, tækifæri til menntunar, frístunda og virkni, fái þjónustu túlka þegar við á og fleira. Um er að ræða fjölbreyttan hóp fólks sem hefur mismunandi þarfir og þarf því móttökukerfið og þjónustan að vera sveigjanleg. Vel hefur gengið að veita þessa þjónustu og takast á við breyttar aðstæður sem hafa orðið í málaflöknum, meðal annars hvað varðar fjölda umsækjenda og fjölskyldusamsetningu þeirra. Þróunin hefur verið sú að hlutfall fjölskyldna og para í þjónustu hjá Reykjavíkurborg fer hækkandi á kostnað einstæðra karla.



Samantekt/niðurstaða:

Starfsfólk Útlendingastofnunnar hefur lýst yfir ánægju með vel unnin störf Reykjavíkurborgar í þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Um er að ræða vinnu með fólki í viðkvæmri stöðu og eðli málsins koma upp krefjandi aðstæður. Vel hefur tekist að takast á við þær áskoranir sem upp hafa komið og er gaman að segja frá því að 7. maí 2015 fékk Hælisleitendateymi Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða hvatningarverðlaun Velferðarráðs Reykjavíkurborgar í flokki

hópa eða starfsstaða. Í rökstuðningi valnefndar kemur fram að „aðdáunarvert sé að fylgjast með þeim starfsmönnum sem starfa við móttöku hælisleitenda fyrir hönd borgarinnar. Þeir hafi með góðum árangri þurft að setja sig inn í ólíkar aðstæður hælisleitenda og hafi þurft að vera lausnamiðaðir og sýna mikla útsjónarsemi til að koma til móts við þarfir hvers og eins. Þetta starfsfólk sýnir öryggi í aðstæðum sem oft eru erfiðar og á milli þess ríkir mikil samstaða þegar á reynir. Þjónustan byggist á jákvæðni, virðingu og alúð.“

Kostnaður við verkefnið var innan fjárhagsramma árin 2014 og 2015. Fjárhagslegu uppgjöri fyrir árið 2016 er ekki lokið en útlit er fyrir að kostnaður verði einnig innan fjárhagsramma árið 2016.